



Handbók biblíunemandans

Handbók biblíunemandans

KAFLI

Nafn Guðs í Gamla testamentinu	1
Nafn Guðs í Nýja testamentinu	2
Yfirlit: Spámenn og konungar í Júda og Ísrael	3
Helstu æviatriði Jesú á jörð	4
Boðskapur Biblíunnar	5

Kort	1. Mósebók og ferðir ættfeðranna	6
Skýringar við kort	Brottförin frá Egyptalandi	7
• Staðsetning nokkuð viss	Ísraelsmenn leggja fyrirheitna landið undir sig	8
◦ Staðsetning óviss ? nákvæm staðsetning á svæðinu óþekkt	Landnám í fyrirheitna landinu	10
— Vegur	Konungsríki Davíðs og Salómóns	11
Norður vísar upp á öllum kortunum	Spádómur Daníels um heimsveldin	13
Ef staður hét tveim eða fleiri nöfnum á sama tímabili eru þau aðgreind með kommu.	Ísrael á dögum Jesú	14
Ef staður hét tveim eða fleiri nöfnum á ólíkum tímum eru nöfn höfð innan sviga.	Útbreiðsla kristinnar	17

Skýringarmyndir	Tjaldbúðin og æðstipresturinn	9
	Musteri Salómóns	12
	Musterishæðin á fyrstu öld	15

Tími	Síðasta vikan sem Jesús var á jörð	16
	Almanak Gyðinga	19

Mál og vog	Verslun og viðskipti	18
-------------------	----------------------	----

**Þetta rit er ekki til sölu.
Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri
biblíufræðslu sem er kostuð með
frjálsum framlögum.**

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2010 nema annað sé tekið fram. Tilvitnanið í *New World Translation of the Holy Scriptures* eru merktar NW.

*Handbók biblíunemandans
A Study Guide for God's Word*

Prentað í júní 2019

Icelandic (sgd-IC)

© 2015

WATCH TOWER BIBLE AND TRACT
SOCIETY OF PENNSYLVANIA

Útgefendur

Made in Britain by Watch Tower
Bible and Tract Society of Britain
(Registered in England as Charity)

Prentað í Bretlandi

Rétthafar mynda:

Forsíða og bls. 2:

Shrine of the Book, ljósmynd ©
The Israel Museum, Jerúsalem.

Bls. 4:

© The British Library Board (G.12161)

Bls. 8:

Til vinstri: Úr bókinni *A Pre-Massoretic
Biblical Papyrus* eftir Stanley A. Cook,
M.A. (1903).

Bls. 9:

Úr *The Codex Alexandrinus in Reduced
Photographic Facsimile*, 1909,
með góðfúslegu leyfi British Library.

Nafn:

Nafn Guðs í Gamla testamentinu

Nafn Guðs, sem ritað er með hebresku samhljóðunum יהוה, stendur næstum 7.000 sinnum í hinu svonefnda Gamla testamenti, þeim hluta Biblíunnar sem er að mestu leyti ritaður á hebresku. Á ýmsum erlendum málum er það nefnt *tetragrammaton* sem kalla mætti „fjórstafanafnið“ á íslensku. Í *New World Translation of the Holy Scriptures* eru þessir fjórir bókstafir þýddir með nafninu Jehóva. Þetta er langalgengasta nafnið sem er að finna í Biblíunni. Innblásnir biblíuritarar nota marga titla til að lýsa Guði, svo sem „Almáttugur Guð“, „Hinn hæsti“ og „Drottinn“, en fjórstafanafnið er eina eiginnafnið sem þeir nota um Guð.

Það var undir handleiðslu Jehóva Guðs sjálfs sem biblíuritararnir skrifuðu nafn hans. Til dæmis innblés hann Jóel spámanni að skrifa: „Hver sem ákallar nafn Drottins [„Jehóva“, *NW*] verður hólpinn.“ (Jóel 3:5) Og sálmaskáldi var innblásið að skrifa: „Svo að þeir játi að þú, sem berð nafnið Drottinn [„Jehóva“, *NW*], þú einn ert Hinn hæsti yfir allri jörðinni.“ (Sálmur 83:19) Reyndar stendur nafn Guðs um 700 sinnum í Sálmunum, safni ljóða sem þjónar Guðs áttu að syngja eða fara með. Hvers vegna er nafn Guðs þá ekki að finna í mörgum þýðingum Biblíunnar? Af hverju er myndin „Jehóva“ notuð í *New World Translation*? Og hvað merkir nafnið Jehóva?

Hvers vegna er nafnið ekki að finna í mörgum þýðingum Biblíunnar? Ástæðurnar eru af ýmsu tagi. Sumir telja að alvaldur Guð þurfi ekki að auðkenna sig með sérstöku nafni. Aðrir virðast hafa orðið fyrir áhrifum af þeirri erfðavenju Gyðinga að forðast að nefna nafnið, hugsanlega af ótta við að vanhelga það. Og því er líka haldið fram að það sé betra að nota bara titla eins og „Drottinn“ og „Guð“ fyrst ekki sé vitað með vissu hvernig nafnið

Nafn Guðs ritað með fornhebresku lettri sem var notað fyrir útleðina í Babýlon.

Nafn Guðs ritað með hebresku lettri sem var notað eftir útleðina í Babýlon.


var borið fram. En þessi rök geta varla talist góð og gild. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

- Þeir sem halda því fram að alvaldur Guð þurfi ekki að auðkenna sig með sérstöku nafni líta fram hjá því að nafn hans stendur í fornum handritum Biblíunnar, og sum þeirra eru frá því fyrir daga Krists. Eins og áður er nefnt lét Guð skrá nafn sitt um 7.000 sinnum í orð sitt, Biblíuna. Hann vill því greinilega að við vitum hvað hann heitir og notum nafn hans.
- Þýðendur, sem fella nafnið niður í virðingarskyni við erfðavenju Gyðinga, loka augunum fyrir mikilvægri staðreynd. Þó svo að sumir fræðimenn Gyðinga hafi ekki viljað taka sér nafnið í munn létu þeir það ekki hverfa úr handritum Biblíunnar. Nafnið stendur víða í fornum handritum sem fundust í Kúmran við Dauðahaf. Sumir biblíuþýðendur gefa til kynna að nafn Guðs standi í frumtextanum með því að setja titilinn „DROTTINN“ með upphafsstöfum í staðinn fyrir nafnið. En þeirri spurningu er ósvarað hvers vegna þessir sömu þýðendur, sem viðurkenna að nafnið standi mörg þúsund sinnum í biblíutextanum, telja sér frjálst að fjarlægja það eða nota titil í stað þess. Hvar telja þeir sig hafa fengið leyfi til að gera slíka breytingu á texta Biblíunnar? Aðeins þeir geta svarað því.
- Þeir sem halda því fram að ekki skuli nota nafn Guðs vegna þess að óvíst sé hvernig það var borið fram, hika ekki við að nefna Jesú með nafni. Lærisveinar hans á fyrstu öld báru þó nafn hans fram allt öðruvísi en flestir kristnir menn gera nú á dögum. Kristnir Gyðingar báru nafnið sennilega fram *Jeshú'a*. Og titillinn „Kristur“ var borinn fram *Mashí'ach*, það er að segja „Messías“. Grískumælandi kristnir menn notuðu nafnið *Jesús' Kristos'*, og kristnir menn, sem töluðu latínu, rituðu *Jesus Christus*. Grísk þýðing þessa nafns var skráð í Biblíuna vegna innblásturs, og af því má sjá að kristnir menn á fyrstu öld tóku þá skynsamlegu stefnu að nota þá mynd nafnsins sem var algeng á þeirra máli. Þýðingarnefnd *New World Translation* telur rökrétt að nota ritháttinn „Jehóva“ þó svo að nafn Guðs hafi ekki verið borið nákvæmlega þannig fram á fornhebresku.

Hvers vegna er rithátturinn Jehóva notaður í *New World Translation*? Fjórstaafnafnið (יהוה) er umritað með samhljóðunum JHVH á íslensku. Nafnið var ritað án sérhljóða en þannig var fornhebreska skrifuð. Meðan málið var í almennri notkun var sérhljóðunum einfaldlega bætt við í upplestri.

Um þúsund árum eftir að ritun Gamla testamentisins lauk þróuðu fræðimenn Gyðinga kerfi framburðartákna í hebreskum

William Tyndale þýddi Mósebækurnar fimm árið 1530. Hér má sjá nafn Guðs í 1. Mósebók 15:2.



texta til að sýna hvaða sérhljóð ætti að lesa. Þegar þar var komið sögu hafði sú hjátrú skapast meðal Gyðinga að það væri rangt að segja nafn Guðs upphátt svo að þeir notuðu önnur orð sem staðgengla nafnsins. Þegar þeir afrituðu fjórstafráfnafnið virðast þeir hafa tekið sérhljóða *staðgenglanna* og raðað þeim með samhljóðunum fjórum sem nafn Guðs var ritað með. Handrit með þessum sérhljóðatáknum duga því skammt til að ákvarða hvernig nafnið var upphaflega borið fram á hebræsku. Sumir telja að það hafi verið borið fram „Jahve“ en ýmsar aðrar hugmyndir hafa einnig verið settar fram. Meðal Dauðahafshandritanna eru kaflar úr 3. Mósebók á grísku þar sem nafnið er umritað *Jao*. Grískir ritarar settu auk þess fram tilögur að framburði eins og *Jae*, *Jabe* og *Jaúe*. En það er engin ástæða til að vera kreddufastur í þessu máli. Við vitum hreinlega ekki hvernig þjónar Guðs forðum daga báru nafn hans fram á hebræsku. (1. Mósebók 13:4; 2. Mósebók 3:15) Hitt vitum við að Guð nefndi nafn sitt æ ofan í æ í samskiptum við þjóna sína, að þeir ávörpuðu hann með því nafni og að þeir notuðu það óspart í samræðum. – 2. Mósebók 6:2; 1. Konungabók 8:23; Sálmur 99:9.

Hvers vegna er þá framburðarmyndin „Jehóva“ notuð í *New World Translation*? Það er vegna þess að hún á sér langa sögu í ensku og fjölda annarra tungumála.

Eiginnaframt Guðs kemur fyrst fyrir í enskri biblíu árið 1530, það er að segja í þýðingu Williams Tyndales á Mósebókunum fimm. Hann stafsetti nafnið „Iehouah“. Ýmsir aðrir þýðendur á sextándu öld stafsettu nafnið með svipuðum hætti þegar þeir þýddu Biblíuna á önnur helstu mál Evrópu. Nefna má Sebastian

Münster (á latínu árið 1534), Pierre-Robert Olivétan (á frönsku árið 1535), Antonio Brucioli (á ítölsku árið 1540) og Casiodoro de Reina (á spænsku árið 1569).

Virtur biblíufræðingur, Joseph Bryant Rotherham, notaði ritháttinn „Jehovah“ en ekki „Yahweh“ í verki sínu *Studies in the Psalms* sem kom út árið 1911. Hann kvaðst vilja nota „rithátt sem almennir lesendur Biblíunnar þekktu vel (og væri fullkomlega boðlegur)“. Árið 1930 sagði fræðimaðurinn A. F. Kirkpatrick eitthvað svipað um ritháttinn „Jehovah“: „Málfræðingar okkar daga halda því fram að lesa beri *Yahveh* eða *Yahaveh* en JEHOVAH virðist eiga sér djúpar rætur í enskri tungu, og aðalatriðið er ekki að bera nafnið nákvæmlega rétt fram heldur viðurkenna að það sé sérnafn en ekki samnafn og titill eins og ‚Drottinn‘.“

Hvað merkir nafnið Jehóva? Í hebresku er nafnið dregið af sagnorði sem merkir „að verða“, og margir fræðimenn telja það vera eins konar orsakarmynd þess. Þýðingarnefnd *New World Translation* telur að nafn Guðs merki „hann lætur verða“. Skoðanir fræðimanna eru þó skiptar og við getum ekki haldið því fram með öruggri vissu að þetta sé merkingin. Þessi skilgreining kemur þó vel heim og saman við það hlutverk Jehóva að vera skapari allra hluta og láta vilja sinn ná fram að ganga. En hann skapaði ekki aðeins alheiminn og vitsmunaverur heldur vinnur hann jafnt og þétt að því að láta vilja sinn og fyrirætlun ná fram að ganga, hvað sem á dynur.

Merking nafnsins Jehóva takmarkast því ekki við skylt sagnorð sem er að finna í 2. Mósebók 3:14. Þar stendur: „Ég verð sá sem ég kys að verða“ eða „ég verð sá sem ég verð“. (NW) Í strangasta skilningi duga

þessi orð ekki fyllilega til að skilgreina nafn Guðs. Þau opinbera öllu heldur ákveðinn þátt í persónuleika hans. Þau sýna að hann verður það sem þarf undir öllum kringumstæðum til að hrinda fyrirætlun sinni í framkvæmd. Nafnið Jehóva felur í sér þessa hugmynd en er ekki takmarkað við það sem hann kys sjálfur að verða. Það felur einnig í sér að hann geti látið sköpunarverkið verða hvaðeina sem þarf til að fyrirætlun hans ná fram að ganga.

יהוה

Fjórstafanafnið
JHVH: „hann lætur
verða“.

יהוה

Sögnin HVH:
„að verða“.

Nafn Guðs í Nýja testamentinu

Bibliúfræðingar viðurkenna að eiginnaframt Guðs, fjórstaframt nafnið (יהוה), standi næstum 7.000 sinnum í hinum hebréskum frumtexta Gamla testamentisins sem svo er kallað. Margir telja hins vegar að það hafi ekki staðið í frumtexta hins svonefnda Nýja testamentis en það er að mestu leyti skrifað á grísku. Það er því sjaldgæft að finna nafnið Jehóva í þýðingum Nýja testamentisins. Flestir þýðendur rita meira að segja „Drottinn“ í staðinn fyrir nafn Guðs í versum sem vitna í Gamla testamentið þar sem fjórstaframt nafnið stendur.

Þessari venju er ekki fylgt í *New World Translation of the Holy Scriptures*. Þar stendur nafnið Jehóva alls 237 sinnum í Nýja testamentinu. Tvær mikilvægar staðreyndir búa að baki þeirri ákvörðun þýðendanna: (1) Grísku handritin, sem við höfum undir höndum núna, eru ekki frumrit. Af þeim þúsundum handrita, sem nú eru til, eru flest að minnsta kosti tveim öldum yngri en frumritin. (2) Þeir sem afrituðu handritin á þeim tíma settu annaðhvort *Kyrios* (grískt orð sem merkir „Drottinn“) í stað fjórstaframt nafnsins eða afrituðu handrit þar sem búið var að gera það.


Þýðingarnefnd *New World Translation* telur vera óyggjandi sannanir fyrir því að fjórstaframt nafnið hafi staðið í frumhandritum gríska textans. Sú niðurstaða er byggð á eftirfarandi:

- **Í handritum Gamla testamentisins, sem voru í notkun á dögum Jesú og postula hans, stóð fjórstaframt nafnið þar sem það hafði staðið í frumritunum.** Fáir véfengdu það á árum áður. Það sannaðist síðan svo ekki varð um villst eftir að hebresk bibliúhandrit frá fyrstu öld fundust við Kúmrán.
- **Fjórstaframt nafnið stóð einnig í grískum þýðingum Gamla testamentisins á dögum Jesú og postula hans.** Öldum saman héldu fræðimenn að fjórstaframt nafnið hefði ekki staðið í Sjötíumannaþýðingunni sem er grísk þýðing Gamla testamentisins. Um miðbik 20. aldar tóku fræðimenn að skoða ævafornar slitur úr grísku Sjötíumannaþýðing-

unni frá tímum Jesú. Í þessum handritabrotum er að finna nafn Guðs ritað með hebreskum bókstöfum. Á dögum Jesú voru því til grískar þýðingar Gamla testamentisins sem innihéldu nafn Guðs. En svo var ekki lengur á fjórðu öld. Í mikilvægum handritum grísku Sjötíumannapýðingarinnar frá þeim tíma, svo sem Codex Vaticanus og Codex Sinaiticus, er nafn Guðs horfið úr 1. Mósebók til Malakís (þar sem það hafði staðið í eldri handritum). Það kemur því ekki á óvart að nafn Guð skuli ekki vera að finna í handritum Nýja testamentisins sem hafa varðveist frá því tímabili.


- **Í Nýja testamentinu kemur fram að Jesús hafi oft talað um nafn Guðs og kunnert það öðrum.** (Jóhannes 17:6, 11, 12, 26) Hann sagði: „Ég er kominn í nafni föður míns.“ Hann lagði einnig áherslu á að hann ynni verk sín í ‚nafni föður síns‘. – Jóhannes 5:43; 10:25.
- **Nýja testamentið er innblásin viðbót við Gamla testamentið. Það virðist því ekki rökrétt að nafnið Jehóva hverfi skyndilega úr textanum.** Lærisveinninn Jakob sagði öldungunum í Jerúsalem um miðbik fyrstu aldar: „Símon hefur skýrt frá hvernig Guð sá til þess í fyrstu að hann eignaðist lýð meðal heiðinna þjóða er bæri nafn hans.“ (Postulasagan 15:14) Það hefði ekki verið rökrétt af Jakobi að taka svo til orða ef enginn þekkti nafn Guðs á fyrstu öld eða tók sér það í munn.
- **Nafn Guðs er að finna í styttri útgáfu í Nýja testamentinu.** Það er hluti orðsins „Hallelúja“ sem sjá má í Opinberunarbókinni 19:1, 3, 4, 6. Orðið er komið úr hebresku og merkir „lofið Jah“ en „Jah“ er stytting nafnsins Jehóva. Mörg nöfn í Nýja testamentinu eru dregin af nafni Guðs. Í heimildaritum segir til dæmis að nafnið Jesús merki „Jehóva er hjálpræði“.
- **Í fornum ritum Gyðinga kemur fram að nafn Guðs hafi staðið í ritum kristinna manna af gyðinglegum uppruna.** Ritið Tosefta, frá því um 300 e.Kr., er safn af lögum Gyðinga sem varðveist höfðu í munnlegri geymd. Þar segir um

Jesús sagði:
„Ég er kominn í
nafni föður míns.“
Hann lagði einnig
áherslu á að hann
ynni verk sín í
nafni föður síns‘.




5. Móseabók 6:4
Nash-papírusritið
Önnur eða fyrsta öld f.Kr.

Fornhebreskur texti þar sem nafn Guðs stendur tvívegis.




Brot úr 5. Móseabók 18:15, 16
P. Fouad Inv. 266
Fyrsta öld f.Kr.

Nafn Guðs ritað með hebresku lettri í grísku Sjötíumannaþýðingunni.



5. Móseabók 18:15, 16
Codex Alexandrinus
Fimmta öld e.Kr.

Nafn Guðs fellt niður og í staðinn sett KC og KY sem eru styttingar gríska orðsins Kyrios (Drottinn).



Postulasagan 3:22, tilvitnun í 5. Móseabók 18:15
New World Translation
20. öld e.Kr.


Nafn Guðs notað í New World Translation.

kristin rit sem brennd voru á hvíldardegi: „Þeir hlífa ekki bókum guðspjallamannanna né bókum *minim* [sennilega átt við kristna Gyðinga] við eldinum. Þær fá að brenna á staðnum, þær og vísanir í nafn Guðs sem eru í þeim.“ Í sömu heimild er vitnað í José rabbína frá Galíleu en hann var uppi í byrjun annarrar aldar. Haft er eftir honum að á virkum dögum séu „skornir út úr þeim [trúlega átt við rit kristinna manna] bútar þar sem minnst er á nafn Guðs og þeir geymdir en hitt látið brenna“.

- Sumir fræðimenn viðurkenna að nafn Guðs hafi líklega staðið í tilvitnunum Nýja testamentisins í Gamla testamentið. *The Anchor Bible Dictionary* segir undir fyrirsögninni „Fjórstafanafnið í Nýja testamentinu“: „Ýmislegt bendir til þess að fjórstafanafnið, nafn Guðs Jahve, hafi staðið í sumum eða öllum tilvitnunum NT [Nýja testamentisins] í GT [Gamla testamentið] þegar handrit NT voru skrifuð í upphafi.“ Biblíufræðingurinn George Howard segir: „Þar eð fjórstafanafnið stóð enn í handritum grísku

bibliunnar [Sjötíumannaþýðingunni], sem var biblía frumkirkjunnar, er rökrétt að ætla að ritarar NT hafi haldið nafninu í bibliutextanum þegar þeir vitnuðu í þessar ritningar.“

- Virtir bibliuþýðendur hafa notað nafn Guðs í Nýja testamentinu. Sumir þeirra gerðu það löngu áður en *New World Translation* leit dagsins ljós. Af þessum þýðingum má nefna *A Literal Translation of the New Testament ... From the Text of the Vatican Manuscript*, Herman Heinfetter (1863); *The Emphatic Diaglott*, Benjamin Wilson (1864);




Nafn Guðs í Postulasögunni 2:34 í *The Emphatic Diaglott* (Benjamin Wilson, 1864).

The Epistles of Paul in Modern English, George Barker Stevens (1898); *St. Paul's Epistle to the Romans*, W. G. Rutherford (1900) og *The New Testament Letters*, J.W.C. Wand, biskup í London, (1946). Pablo Besson notaði „Jehová“ í Lúkasi 2:15 og Júdasarbréfinu 14 í spænskri þýðingu sinni snemma á 20. öld. Auk þess eru í þýðingu hans næstum 100 neðanmálgreinar þar sem bent er á nafn Guðs sem sennilega þýðingu. Allt frá 16. öld hefur fjórstafanafnið staðið víða í hebreskum þýðingum Nýja testamentisins. Í að minnsta kosti 11 þýskum þýðingum stendur

„Jehóva“ (eða „Jahve“) í Nýja testamentinu, og fjórir þýðendur sýna nafnið innan sviga á eftir „Drottinn“. Í meira en 70 þýskum þýðingum er nafnið að finna í neðanmálgreinum eða skýringum.

- **Nafn Guðs er að finna í þýðingum Nýja testamentisins á meira en hundrað tungumálum.** Nafn Guðs er notað ríkulega í mörgum þýðingum á tungumál Afríku, Asíu, Evrópu og Kyrrahafseyja, auk þýðinga á indíánamál Ameríku. (Sjá lista á bls. 12 og 13.) Þýðendur þeirra ákváðu að nota nafnið af svipuðum ástæðum og greint er frá hér á undan. Sumar af þessum þýðingum Nýja testamentisins eru tiltölulega nýlegar, svo sem þýðingin á rotuma (1999) þar sem nafnið „Jihova“ stendur 51 sinni í 48 versum, og batak (toba) í Indónesíu (1989) en í henni stendur nafnið „Jahowa“ 110 sinnum.

Það eru greinilega skýr rök fyrir því að láta nafn Guðs, Jehóva, standa í Nýja testamentinu. Það er einmitt það sem þýðendur *New World Translation* hafa gert. Þeir bera djúpa virðingu fyrir nafni Guðs og stendur heilnæmur ótti af því að taka nokkuð burt sem stendur í frumtextanum. – Opinberunarbókin 22:18, 19.



Nafn Guðs í Markúsi 12:29, 30 í þýðingu á hawaiiísku.

Nafn Guðs kemur fyrir í meginmáli Nýja testamentisins á eftirfarandi tungumálum og mállýskum

Tungumál eða mállýska: Nafn Guðs

Anejom: Ihova	Hollenska: Jehovah
Aravak: Jehovah	Ila: Yahve
Awabakal: Yehóa	Iliku (afbrigði af Iusengo): Yawe
Bangi: Yawe	Indónesíska: YAHWEH
Batak (toba): Jahowa	kala lagaw ya: Iehovan
Benga: Jēhova	Kalanga: Yehova; Yahwe
Bolia: Yawe	Kalenjin: Jehovah
Bube: Yehovah	Kerewo: Ihova
Bullom so: Jehovah	Kipsigis: Jehoba
Chácobo: Jahuè	Kisonge: Yehowa
Cherokee: Yihowa	Kílúba: Yehova
Chin (hakha): Zahova	Kíribatíska: Iehova
Chippewa: Jehovah	Kosraeíska: Jeova
Choctaw: Chihowa	Kóreska: 여호와
Chuukeyska: Jiowa	Króatíska: Jehova
Dakota: Jehowa	Kuanua: leova
Dobu: leoba	Laoska: Yehowa
Douala: Yehowa	Lele: Jehova
Efate (norður): Yehova	Lewo: Yehova
Efik: Jehovah	Lingala: Yawe
Enska: Jehovah	Logo: Yehova
Eve: Yehowa	Lomongo: Yawe; Yova
Fang: Jehôva	Lonwolwol: Jehovah
Fídjíska: Jiowa	Lugbara: Yehova
Franska: IHVH, yhwh	Luimbi: Yehova
Ga: Iehowa	Luna: Yeoba
Gibario (afbrigði af kerewo): Iehova	Lunda: Yehova
Grebo: Jehova	Luvale: Yehova
Hawaiíska: Iehova	Lúo: Yawe
Hebreska: יהוה	Malagasíska: Jehovah; Iehôvah
Hindústaní: Yīhováh	Malo: Iova
Hírímótú: Iehova	Marquesíska: Iehova
Ho-chunk (winnebago): Jehowa	Marshallleyska: Jeova

Maskelynes: Iova
Mentawai: Jehoba
Merjam: Iehoua
Misima-paneati: Iehova
Mízo: Jehovan; Jihova'n
Mohawk: Jehovah
Mortlock: Jioua
Motú: Iehova
Mpongwe (afbrigði af myene): Jehova
Muskogee: Cehofv
Myene: Yeöva
Naga (angami): Jihova
Naga (konyak): Jihova
Naga (lotha): Jihova
Naga (mao): Jihova
Naga (norður-rengma): Jihova
Naga (sangtam): Jihova
Nandi: Jehova
Narrinyeri: Jehovah
Naúrúska: Jehova
Navajo: Jiho'vah
Ndau: Jehova
Nembe: Jehovah
Nengone (eða maré): Iehova
Ngando: Yawe
Ntomba: Yawe
Nukuoro: Jehova
Portúgalska: Iáhve
Pólska: Jehowa
Rarotonga: Jehova; Iehova
Rerep: Iova
Rotuma: Jihova
Sakao: Ihova; Iehova


Samóska: Ieova
Seneca: Ya'wën
Sengele: Yawe
Sesótó: Yehofa
Sie: Iehöva
Spænska: Jehová; Yahvé; YHWH;
Yahweh
Sranantongo: Jehova
Súkúma: Yahuwa; Jakwe
Súlúska: Jehova; YAHWE
Tahítíska: Iehova
Teke-eboo: Yawe
Temne: Yehófa; Yehofa
Táilenska: Yahowa
Toaripi: Jehova; Iehova
Tonga: Jehova
Tongverska: Jihova; Sihova
Tsílúba: Yehowa
Tsvana: Jehofa; Yehova; Yehofa
Uripiv: Iova
Úmbúndú: Yehova
Velska: Iehofah
Wampanoag: Jehovah
Xhósa: Yehova
Zande: Yekova
Pýska: Jehovah; Jehova

(Nafn Guðs kemur auk þess fyrir í neðanmálsgreinum eða skýringum í þýðingum á fjölda annarra tungumála og mállýskna.)

Rúmlega 120 tungumál

Yfirlit: Spámenn og konungar í Júda og Ísrael

Konungar í **Suðurríkinu** Júda (tveggjaættkvíslaríkinu)



1000 f.Kr.

950 f.Kr.

900 f.Kr.

850 f.Kr.

800 f.Kr.

Elía


Elísa

Jónas

Amos

Joel

Konungar í **Norðurríkinu** Ísrael (tíuættkvíslaríkinu)



997

um 976

um 975

um 952

um 947

um 940

um 920

um 917

um 905

876

um 862

um 859

um 844

um 803

Jeróbóam: 22 ár

Nadab: 2 ár

Basa: 24 ár

Ela: 2 ár

Simrí: 7 dagar (um 951)

Omrí og Tibní: 4 ár

Omrí (einn): 8 ár

Akab: 22 ár

Ahasía: 2 ár

Jóram: 12 ár

Jehú: 28 ár

Jóahas: 14 ár

Jóahas og Jóas: 3 ár

Jóas (einn): 16 ár

Jeróbóam annar: 41 ár

Konungar í Suðurríkinu
(framhald)

Ússía (Asaría): 52 ár

Jótam: 16 ár

Akas: 16 ár

Hiskía: 29 ár

Manasse: 55 ár

Amón: 2 ár

Jósía: 31 ár

Jóahas: 3 mánuðir

Jójakím: 11 ár

Jójakín: 3 mánuðir og 10 dagar

Sedekía: 11 ár

Babýloníumenn leggja Jerúsalem og musteríð í rúst undir forystu Nebúkadnesars. Sedekía, síðasti jarðneski konungurinn af ætt Davíðs, er sviptur völdum.

800 f.Kr

750 f.Kr

700 f.Kr

650 f.Kr

600 f.Kr

Hósea

Míka

Jesaja

Nanúm

Jeremia

Seránía

Habakkuk

Esekiel

Daniel

Óbadía

Konungar í Norðurríkinu
(framhald)

um 803

um 791

um 780

um 778

um 758

um 748

740

• Sakaría: skráð stjórnartíð aðeins 6 mánuðir

• Sallúm: 1 mánuður

• Menahem: 10 ár

• Pekaja: 2 ár

• Peka: 20 ár

• Hósea: 9 ár frá um 748

Assýría vinnur Samaría og leggur undir sig Ísrael. Norðurríkið Ísrael (tíuættkvíslaríkið) liður undir lok.

Um 748 virðist Hósea hafa tryggt völd sín eða fengið stuðning Tíglats Pilesers þriðja Assýríukonungs.

Sakaría fær völd að einhverju marki en er sennilega ekki orðinn fastur í sessi fyrir en um 792.

Helstu æviatriði Jesú á jörð

Guðspjöllin fjögur í tímaröð

Eftirfarandi töflur og kort gefa yfirsýn yfir ferðir og boðun Jesú. Örvarnar á kortunum sýna í hvaða átt hann fór en fylgja ekki leiðunum nákvæmlega.


Aðdragandinn að starfi Jesú

TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
3 f. Kr.	Jerúsalem, musteri	Gabriel engill boðar Sakaríu fæðingu Jóhannesar skírara.			1:5-25	
um 2 f. Kr.	Nasaret; Júdea	Gabriel engill boðar Maríu fæðingu Jesú; hún heimsækir Elísabetu frænku sína.			1:26-56	
2 f. Kr.	Hæðir Júdeu	Jóhannes skírari fæðist og er gefið nafn; Sakaríu spáir; Jóhannes á að vera í óbyggðum.			1:57-80	
2 f. Kr., um 1. okt.	Betlehem	Jesús fæðist; „Orðið varð hold.“	1:1-25		2:1-7	1:1-5, 9-14
	Nágrenni Betlehem; Betlehem	Engill flytur fjárhirðum gleiðitíðindi; englar lofa Guð; fjárhirðar sjá ungbarnið.			2:8-20	
	Betlehem; Jerúsalem	Jesús umskorinn (á 8. degi); foreldrarir fara með hann í musterið (eftir 40 daga).			2:21-38	
1 f. Kr. eða 1 e. Kr.	Jerúsalem; Betlehem; Egyptaland; Nasaret	Stjörnuþekkingar koma; fjölskyldan flýr til Egyptalands; Heródes myrðir unga drengi; fjölskyldan snýr aftur og sest að í Nasaret.	2:1-23		2:39, 40	
12 e. Kr., páskar	Jerúsalem	Jesús 12 ára í musterinu og spyr kennarana.			2:41-50	
	Nasaret	Fer heim til Nasaret; er hlýðinn foreldrum sínum; lærir trésmíði; María elur upp fjóra syni í viðbót auk dætra. (Matt 13:55, 56; Mrk 6:3)			2:51, 52	
29, vor	Óbyggðir, áin Jórdan	Jóhannes skírari byrjar þjónustu sína.	3:1-12	1:1-8	3:1-18	1:6-8, 15-28

Kort 1


Skýringar við kort

- 📍 Upphafsstaður ferðar
- Staðsetning nokkuð viss
- Staðsetning óviss
- ? nákvæm staðsetning á svæðinu óþekkt




Jesús byrjar þjónustu sína

TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
29, haust	Jórdan, hugsanlega í eða nálægt Betaníu handan við Jórdan	Jesús skírður og andasmurður; Jehóva kallar hann son sinn og lýsir velþóknun sinni.	3:13-17	1:9-11	3:21-38	1:32-34
	Óbyggðir Júdeu	Djöfullinn freistar hans.	4:1-11	1:12, 13	4:1-13	
	Betania handan við Jórdan	Jóhannes skírari kallar Jesú lamb Guðs; fyrstu lærisveinarnir fylgja Jesú.				1:15, 29-51
	Kana í Galíleu; Kapernaúm	Fyrsta kraftaverkið, breytir vatni í vín; heimsækir Kapernaúm.				2:1-12
30, páskar	Jerúsalem	Hreinsar musteríð Talar við Nikódemus				2:13-25 3:1-21
	Júdea, Aínon	Fer um sveitir Júdeu, lærisveinar hans skíra; Jóhannes vitnar um Jesú í síðasta sinn.				3:22-36
	Tíberías, Júdea	Jóhannes fangelsaður; Jesús fer til Galíleu.	4:12; 14:3-5	6:17-20	3:19, 20	4:1-3
	Síkar í Samaríu	Kennir Samverjum á leið til Galíleu.				4:4-43



Óbyggðir Júdeu


Kort 2



Boðunarátak Jesú í Galíleu



TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
30	Galíleia	Jesús tilkynnir í fyrsta sinn að 'himnariki sé í nánd'.	4:17	1:14, 15	4:14, 15	4:44, 45
	Kana, Nasaret, Kapernaúm	Læknar son embættismanns; les upp úr bók Jesaja; fer til Kapernaúm.	4:13-16		4:16-31	4:46-54
	Galíleuvatn, nágrenni Kapernaúm	Býður fjórum lærisveinum að fylgja sér: Símoni og Andrési, Jakobi og Jóhannesi.	4:18-22	1:16-20	5:1-11	
	Kapernaúm	Læknar tengdamóður Símonar og fleiri.	8:14-17	1:21-34	4:31-41	
	Galíleia	Fyrsta ferð um Galíleu með þeim fjórum.	4:23-25	1:35-39	4:42, 43	
		Læknar holdsveikan mann; mannfjöldinn eltir.	8:1-4	1:40-45	5:12-16	
	Kapernaúm	Læknar lamaðan mann.	9:1-8	2:1-12	5:17-26	
		Kallar Matteus; matast með tollheimtumönnum; spurður um föstur.	9:9-17	2:13-22	5:27-39	
	Júdea	Prédikar í samkundum.			4:44	
31, páskar	Jerúsalem	Læknar sjúkling við Betesda; Gyðingar vilja ná lífi hans.				5:1-47
	Snýr aftur frá Jerúsalem (?)	Lærisveinar tína öx á hvíldardegi; Jesús er „Drottinn hvíldardagsins“.	12:1-8	2:23-28	6:1-5	
	Galíleia, Galíleuvatn	Læknar mann með visna hönd á hvíldardegi; fólk eltir; læknar marga.	12:9-21	3:1-12	6:6-11	
	Fjall við Kapernaúm	Velur 12 postula.		3:13-19	6:12-16	
	Nálægt Kapernaúm	Flytur fjallræðuna.	5:1-7:29		6:17-49	
	Kapernaúm	Læknar þjón hundraðshöfðingja.	8:5-13		7:1-10	
	Nain	Reisir upp son ekkju.			7:11-17	
	Tíberías; Galíleia (Nain eða nágrenni)	Jóhannes sendir lærisveina til Jesú; sannleikurinn opinberaður börnum; ljúft ok.	11:2-30		7:18-35	
	Galíleia (Nain eða nágrenni)	Syndug kona ber olíu á fætur hans; dæmisaga um skuldara.			7:36-50	
	Galíleia	Önnur boðunarferð með þeim 12.			8:1-3	
		Rekur út illa anda; ófyrirgefanleg synd.	12:22-37		3:19-30	
Gefur ekki annað tákni en tákni Jónasar.		12:38-45				
Móðir hans og bræður koma; kallar lærisveinana ættingja sína.		12:46-50		3:31-35	8:19-21	

Kort 3A



TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
31 eða 32	Nágrenni Kapernaúm	Jesús segir dæmisögur um ríki Guðs.	13:1-53	4:1-34	8:4-18	
	Galíleuvatn	Lægir storm úr báti.	8:18, 23-27	4:35-41	8:22-25	
	Gadarahérað	Sendir illa anda í svín.	8:28-34	5:1-20	8:26-39	
	Líklega Kapernaúm	Læknar konu af blæðingum; reisir upp dóttur Jairusar.	9:18-26	5:21-43	8:40-56	
	Kapernaúm (?)	Læknar blinda og mállausa.	9:27-34			
	Nasaret	Hafnað á ný í heimabæ sínum.	13:54-58	6:1-5		
	Galílea	Þriðja ferðin um Galíleu; eykur boðunina með því að senda postulana út.	9:35-11:1	6:6-13	9:1-6	
	Tíberías	Jóhannes skírari hálshöggvinn; Jesús veldur Heródesi heilabrotum.	14:1-12	6:14-29	9:7-9	
32, nálægt páskum (Jóh 6:4)	Kapernaúm (?); NA við Galíleuvatn	Postularnir koma úr boðunarferð; Jesús mettar 5.000 karlmenn.	14:13-21	6:30-44	9:10-17	6:1-13
	NA við Galíleuvatn; Genesaret	Fólk reynir að gera Jesú að konungi; hann gengur á vatni; læknar marga.	14:22-36	6:45-56		6:14-21
	Kapernaúm	Segist vera „brauð lífsins“; margir hneykslast og yfirgefa hann.				6:22-71
32, eftir páska	Sennilega í Kapernaúm	Afhjúpar erfikeningar manna.	15:1-20	7:1-23		7:1
	Fóníkía; Dekapólís	Læknar dóttur konu frá sýrlensku Fóníkíu; mettar 4.000 karlmenn.	15:21-38	7:24-8:9		
	Magadan	Gefur ekki annað ták en tákn Jónasar.	15:39-16:4	8:10-12		

Kort 3B



Starf Jesú við Galíleuvatn

(Einnig kallað Genesaretvatn og Tíberíasvatn)


- ❶ Lægir storm frá báti
- ❷ Sendir illa anda í svínahjörð
- ❸ Mettar 5.000 karlmenn
- ❹ Gengur á vatni
- ❺ Mettar 4.000 karlmenn
- ❻ Talið er að fjallræðan hafi verið flutt hér

TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
32, eftir páska	Galíleuvatn Betsaida	Jesús varar við súrdeigi farísea á báti á leið til Betsaida; lækna blindan mann.	16:5-12	8:13-26		
	Byggðir Sesareu Filippí	Lyklar himnaríkis; talar um dauða sinn og upprisú.	16:13-28	8:27-9:1	9:18-27	
	Sennilega Hermonfjall	Ummyndunin; Jehóva talar.	17:1-13	9:2-13	9:28-36	
	Byggðir Sesareu Filippí	Lækna andsetinn dreng.	17:14-20	9:14-29	9:37-43	
	Galílea	Talar aftur um dauða sinn.	17:22, 23	9:30-32	9:43-45	
	Kapernaúm	Greiðir musterisgjald með peningi úr munnni fisks.	17:24-27			
		Mestur í himnaríki; dæmisaga um týndan sauð og harðbrjósta þjón.	18:1-35	9:33-50	9:46-50	
	Galílea-Samaría	Segir lærisveinum á leið til Jerúsalem að láta ríki Guðs ganga fyrir.	8:19-22		9:51-62	7:2-10


Síðara boðunartímabil Jesú í Júdeu

32, laufskála-hátíðin (eða tjald-búðahátíð)	Jerúsalem	Kennir á hátíðinni; menn sendir til að handtaka hann.				7:11-52
		Segir: „Ég er ljós heimsins“; lækna mann sem var blindur frá fæðingu.				8:12-9:41
	Sennilega Júdea	Sendir út 70 lærisveina; þeir snúa aftur fagnandi.			10:1-24	
	Júdea; Betanía	Dæmisaga um miskunnsaman Samverja; heimsækir Mórtu og Maríu.			10:25-42	
	Sennilega Júdea	Kennir faðirvorið aftur; dæmisaga um þrautseigan vin.			11:1-13	
		Rekur út illa anda með fingri Guðs; nefnir aftur tákn Jónasar.			11:14-36	
		Borðar með farísea; fordæmir hræsni faríseanna.			11:37-54	
Dæmisögur: ríki bóndinn og trúi ráðsmaðurinn.				12:1-59		
Lækna kreppta konu á hvíldardegi; dæmisögur um mustarðskorn og súrdeig.			13:1-21			
32, vígslu-hátíðin	Jerúsalem	Dæmisaga um góðan hirði og sauðabyrgi; Gyðingar reyna að grýta hann; fer til Betaníu handan við Jórdan.				10:1-39

Kort 4



TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
32, eftir vígslu-hátíðina	Betania handan við Jórdan	Fer þangað sem Jóhannes skírði; margir taka trú á Jesú.				10:40-42
	Perea	Kennir í borgum og þorpum á leið til Jerúsalem.			13:22	
		Hvetur til að fara inn um þröngu dyrnar; harmar órlög Jerúsalem.			13:23-35	
	Sennilega Perea	Kennir auðmýkt; dæmisögur: hefðarsæti og gestir sem afsaka sig.			14:1-24	
		Reikna kostnaðinn af að vera lærisveinn.			14:25-35	
		Dæmisögur: týndur sauður, týndur peningur, týndur sonur.			15:1-32	
		Dæmisögur: ranglátur ráðsmaður, ríki maðurinn og Lasarus.			16:1-31	
		Um hneykslun, fyrirgefningu og trú.			17:1-10	
	Betania	Lasarus deyr og er reistur upp.				11:1-46
	Jerúsalem; Efraím	Samsæri um að myrða Jesú; hann fer burt.				11:47-54
	Samaría; Galílea	Læknar tíu holdsveika; segir hvernig ríki Guðs kemur.			17:11-37	
	Samaría eða Galílea	Dæmisögur: þrautseig ekkja, farisei og tollheimtumaður.			18:1-14	
	Perea	Um hjónaband og skilnað.	19:1-12		10:1-12	
		Blessar börnin.	19:13-15		10:13-16	18:15-17
		Spurning ríka mannsins; dæmisaga um verkamenn í víngarði sem fá sömu laun.	19:16-20:16		10:17-31	18:18-30
	Sennilega Perea	Talar um dauða sinn í þriðja sinn.	20:17-19		10:32-34	18:31-34
Jakob og Jóhannes biðja um stöðu í ríki Guðs.		20:20-28		10:35-45		
Jeríkó	Fer þar um, læknar tvo blinda menn; heimsækir Sakkeus; dæmisaga um tíu pund.	20:29-34		10:46-52	18:35-19:28	



Síðustu dagar Jesú í Jerúsalem

TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
33, 8. nísan	Betanía	Jesús kemur þangað sex dögum fyrir páska.				11:55 – 12:1
9. nísan	Betanía	María hellir oliu yfir höfuð hans og fætur.	26:6-13	14:3-9		12:2-11
	Betanía-Betfage-Jerúsalem	Ríður sigri hrósandi á asna inn í Jerúsalem.	21:1-11, 14-17	11:1-11	19:29-44	12:12-19
10. nísan	Betanía-Jerúsalem	Formælir fikjutré; hreinsar musterið í annað sinn.	21:18, 19; 21:12, 13	11:12-17	19:45, 46	
	Jerúsalem	Æðstu prestar og fræðimenn áforma að lífláta Jesú. Jehóva talar; Jesús boðar dauða sinn; spádómur Jesaja uppfyllist með vantrú Gyðinga.		11:18, 19	19:47, 48	12:20-50
11. nísan	Betanía-Jerúsalem	Lærdómurinn af visnaða trénu.	21:19-22	11:20-25		
	Jerúsalem, musterið	Vald véfengt; dæmisaga: tveir synir.	21:23-32	11:27-33	20:1-8	
		Dæmisögur: morðóðir vínyrkjar, brúðkaupsveisla.	21:33–22:14	12:1-12	20:9-19	
		Svarar spurningum um Guð og keisarann, upprisuna, æðsta boðorðið.	22:15-40	12:13-34	20:20-40	
		Spyr mannfjöldann hvort Kristur sé sonur Davíðs.	22:41-46	12:35-37	20:41-44	
		Vei fræðimönnum og faríseum.	23:1-39	12:38-40	20:45-47	
	Tekur eftir framlagi fátæku ekkjunnar.		12:41-44	21:1-4		
Oliufjallið	Lýsir tákni nærveru sinnar í framtíðinni. Dæmisögur: tíu meyjar, talentur, sauðir og hafrar.	24:1-51 25:1-46	13:1-37	21:5-38		
12. nísan	Jerúsalem	Leiðtogar Gyðinga ráðgera að taka hann af lífi.	26:1-5	14:1, 2	22:1, 2	
		Júdas býðst til að svíkja Jesú.	26:14-16	14:10, 11	22:3-6	
13. nísan (fimmtudagur eftir hádegi)	Jerúsalem og nágrenni	Undirbýr síðustu páskamáltíðina.	26:17-19	14:12-16	22:7-13	
14. nísan	Jerúsalem	Borðar páskamáltíð með postulunum.	26:20, 21	14:17, 18	22:14-18	
		Þvær fætur postulanna.				13:1-20

Kort 6




TÍMI	STAÐUR	ATBURÐUR	MATTEUS	MARKÚS	LÚKAS	JÓHANNES
14. nísan	Jerúsalem	Jesús bendir á að Júdas sé svikari og lætur hann fara.	26:21-25	14:18-21	22:21-23	13:21-30
		Stofnar til kvöldmáltíðar Drottins. (1Kor 11:23-25)	26:26-29	14:22-25	22:19, 20, 24-30	
		Segir fyrir að Pétur afneiti honum og postularnir tvístrist.	26:31-35	14:27-31	22:31-38	13:31-38
		Loforð um hjálpara; dæmisaga um sannan vinnvið; boðið um að elska; síðasta bænin með postulunum.				14:1-17:26
	Getsemane	Angist í garðinum; Jesús svikinn og handtekinn.	26:30, 36-56	14:26, 32-52	22:39-53	18:1-12
Jerúsalem	Annas yfirheyrir hann; Kaifas og æðstaráðið rétta yfir honum; Pétur afneitar honum.	26:57-27:1	14:53-15:1	22:54-71	18:13-27	
	Svikarinn Júdas hengir sig. (Post 1:18, 19)	27:3-10				
	Frammi fyrir Pílatusi, síðan Heródesi og aftur hjá Pílatusi.	27:2, 11-14	15:1-5	23:1-12	18:28-38	
	Pílatus vill láta hann lausan en Gyðingar biðja um Barabbas; dæmdur til dauða á aftökustaur.	27:15-30	15:6-19	23:13-25	18:39-19:16	
(um kl. 15:00, föstudagur)	Golgata	Deyr á aftökustaur.	27:31-56	15:20-41	23:26-49	19:16-30
	Jerúsalem	Lík Jesú tekið af staurnum og lagt í gróf.	27:57-61	15:42-47	23:50-56	19:31-42
15. nísan	Jerúsalem	Prestar og farísear innsigla gröfina og setja vörð um hana.	27:62-66			
16. nísan	Jerúsalem og nágrenni; Emmaus	Jesús reistur upp; birtist lærisveinunum fimm sinnum.	28:1-15	16:1-8	24:1-49	20:1-25
Eftir 16. nísan	Jerúsalem; Galílea	Birtist lærisveinunum mörgum sinnum. (1Kor 15:5-7; Post 1:3-8); gefur fyrirsmæli um að gera fólk að lærisveinum.	28:16-20			20:26-21:25
25. íjar	Olíufjallið nálægt Betaníu	Jesús stígur upp til himna 40 dögum eftir upprisuna. (Post 1:9-12)			24:50-53	



Boðskapur Biblíunnar

Jehóva Guð hefur réttinn til að stjórna. Aðferðir hans eru þær bestu. Það sem hann ætlar sér með jörðina og mannkynið nær fram að ganga.




Eftir 4026 f.Kr.

„Höggormurinn“ véfengir rétt Jehóva til að stjórna og dregur í efa að aðferðir hans séu réttar. Jehóva lofar að vekja upp „niðja“ sem mun að lokum tortíma höggorminum Satan. (1. Mósebók 3:1-5, 15) En Jehóva leyfir mönnum að stýra málum sínum sjálfir um tíma undir áhrifavaldi höggormsins.




1943 f.Kr.

Jehóva segir Abraham að hinn fyrirheitni niðji verði einn af afkomendum hans. – 1. Mósebók 22:18, NW.



Eftir 1070 f.Kr.

Jehóva fullvissar Davíð konung og síðar meir Salómon, son hans, um að fyrirheitni niðjinn fæðist í ættlegg þeirra. – 2. Samúelsbók 7:12, 16; 1. Konungabók 9:3-5; Jesaja 9:5, 6.




29 e.Kr.

Jehóva lýsir yfir að Jesús sé fyrirheitni „niðjinn“ sem erfi hásaeti Davíðs. – Galatabréfið 3:16; Lúkas 1:31-33; 3:21, 22.



33 e.Kr.

Höggormurinn Satan veitir fyrirheitna „niðjanum“ tímabundna áverka með því að fá Jesú líflátinn. Jehóva reisir Jesú upp til lífs á himnum og tekur við andvirði fullkomins lífs hans. Þannig gerir Jehóva afkomendum Adams kleift að fá syndir sínar fyrirgefna og hljóta eilíft líf. – 1. Mósebók 3:15; Postulasagan 2:32-36; 1. Korintubréf 15:21, 22.



Um 1914 e.Kr.


Jesús kastar höggorminum Satan niður til jarðar. Hann fær að leika lausum hala þar um stuttan tíma. – Opinberunarbók 12:7-9, 12.



Framtíðin

Jesús hefur Satan í haldi í 1000 ár og eyðir honum síðan. Þar með mer hann höfuð hans í táknrænum skilningi. Upphafleg fyrirætlun Guðs með jörðina og mannkynið nær fram að ganga, nafn hans er hreinsað af áburði og það sannast að stjórnaraðferðir hans eru réttar. – Opinberunarbókin 20:1-3, 10; 21:3, 4.

Brottförin frá Egyptalandi



HAFIÐ MIKLA, FILISTEAHAF



Ísraelsmenn leggja fyrirheitna landið undir sig


Ísraelsmenn fara inn í Kanaanland 1473 f.Kr.
Ísraelsmenn hafa lagt undir sig næstum allt landið 1467 f.Kr.

4000 f.Kr. 2000 f.Kr. f.Kr. / e.Kr. 2000 e.Kr.

HAFIÐ MIKLA,
HAFIÐ Í VESTRI



Tjaldbúðin og æðstipresturinn




Tjaldbúðin


- 1 Örkin (2Mós 25:10-22; 26:33)
- 2 Fortjald (2Mós 26:31-33)
- 3 Súlar fyrir fortjaldið (2Mós 26:31, 32)
- 4 Hið heilaga (2Mós 26:33)
- 5 Hið allra helgasta (2Mós 26:33)
- 6 Forhengi (2Mós 26:36)
- 7 Súlar fyrir forhengið (2Mós 26:37)
- 8 Sökkull úr eir (2Mós 26:37)
- 9 Reykelsisaltari (2Mós 30:1-6)
- 10 Borð með skoðunarbrauðum (2Mós 25:23-30; 26:35)
- 11 Ljósastika (2Mós 25:31-40; 26:35)
- 12 Tjaldúkur úr líni (2Mós 26:1-6)
- 13 Tjaldúkur úr geitahári (2Mós 26:7-13)
- 14 Tjald úr hrútsskinni (2Mós 26:14)
- 15 Tjald úr selskinni (2Mós 26:14, NW)
- 16 Þiljuborð (2Mós 26:15-18, 29)
- 17 Silfursökkull undir þiljuborðum (2Mós 26:19-21)
- 18 Þverslá (2Mós 26:26-29)
- 19 Sökkull úr silfri (2Mós 26:32)

Æðstipresturinn

Í 2. Mósebók kafli 28 er að finna ítarlega lýsingu á klæðnaði æðstaprestsins í Ísrael.



- 20 Eirker (2Mós 30:18-21)
- 21 Brennifórnaltari (2Mós 27:1-8)
- 22 Forgarður (2Mós 27:17, 18)
- 23 Hlið (2Mós 27:16)
- 24 Veggþjöld úr líni (2Mós 27:9-15)



Landnám í fyrirheitna landinu

Landinu skipt milli ættkvíslanna eftir landvinninga 1467 f.Kr.

Sál smurður til konungs 1117 f.Kr.

4000 f.Kr. 2000 f.Kr. f. Kr. / e. Kr. 2000 e.Kr.

Dómarar

- 1 Otniel
- 2 Ehüð
- 3 Samgar
- 4 Barak
- 5 Gídeon
- 6 Tóla
- 7 Jair
- 8 Jefta
- 9 Íbsan
- 10 Elon
- 11 Abdón
- 12 Samson

HAFIÐ MIKLA,
HAFIÐ Í VESTRI



- Borgir sem tilheyru ættkvísl Simeons
- Borgir sem tilheyru ættkvísl Manasse
- Griðaborgir

Konungsríki Davíðs og Salómóns

Stjórntíð Davíðs 1077-1038 f.Kr. Stjórntíð Salómóns 1037-998 f.Kr.
Davíðssáttmálin um 1070 f.Kr.

4000 f.Kr. 2000 f.Kr. f.Kr. / e.Kr. 2000 e.Kr.

- ▭ Konungsríki Davíðs
- ▭ Konungsríki Salómóns
- Innflutningur
- Útflutningur



Frá Tarsis:
gull, silfur, filabein, apar, páfuglar

Frá Týrus:
sedrusviður, einir, gull

Til Týrusar:
bygg, hveiti,
vín, ólfuolla

Frá Egyptalandi:
hestar, stríðsvagnar


Frá Ófir:
gull, eðalsteinar, timbur

Frá Arabíu:
gull, silfur

0 mílur
0 km 20




Musteri Salómons



Musterið

- 1 Hið allra helgasta (1Kon 6:16, 20)
- 2 Hið heilaga (1Kon 8:8)
- 3 Loftherbergi (1Kro 28:11)
- 4 Viðbygging með herbergjum (1Kon 6:5, 6, 10)
- 5 Jakín (1Kon 7:21; 2Kro 3:17)
- 6 Bóas (1Kon 7:21; 2Kro 3:17)
- 7 Forsalur (1Kon 6:3; 2Kro 3:4) (Hæðin óþekkt)
- 8 Eiraltari (2Kro 4:1)
- 9 Pallur úr eir (2Kro 6:13)
- 10 Innri forgarður (1Kon 6:36)
- 11 Eirhafsið (2Kon 25:13)
- 12 Grindarvagnar (1Kon 7:27)
- 13 Hliðardyr (1Kon 6:8)
- 14 Herbergi til að matast (1Kro 23:28)



Spádómur Daniéls um heimsveldin

Babýlon leggur Jerúsalem í rúst 607 f.Kr.

4000 f.Kr. 2000 f.Kr. f.Kr. / e.Kr. 2000 e.Kr.



Babýlon

Daníel 2:32, 36-38; 7:4

607 f.Kr. Nebúkadnesar konungur leggur Jerúsalem í rúst.



Medía og Persía

Daníel 2:32, 39; 7:5

539 f.Kr. Leggja Babýlon undir sig.
537 f.Kr. Kýrus gefur út tilskipun um að Gyðingar skuli snúa aftur til Jerúsalem.



Grikkland

Daníel 2:32, 39; 7:6

331 f.Kr. Alexander mikli leggur Persíu undir sig.



Róm

Daníel 2:33, 40; 7:7

63 f.Kr. Byrjar að ríkja yfir Ísrael.
70 e.Kr. Leggur Jerúsalem í rúst.

Bretland og Bandaríkin

Daníel 2:33, 41-43

1914-1918 e.Kr. Ensk-ameríska heimsveldið varð til í fyrri heimsstyrjöldinni.




Síðasta vikan sem Jesús var á jörð



Jerúsalem og næsta nágrenni

- 1 Musterið
- 2 Getsemanegarðurinn (?)
- 3 Höll landshöfðingjans
- 4 Höll Kaifasar (?)
- 5 Höll Heródesar Antípasar (?)
- 6 Laugin Betesda
- 7 Laugin Sílóam
- 8 Salur æðstaráðsins (?)
- 9 Golgata (?)
- 10 Akeldamak (?)



SÓLSETUR ▶

Hjá Gyðingum hefst dagurinn við sólsetur og lýkur við sólsetur.

SÓLARUPPRÁS ▶

SÓLSETUR ▶

8. nísan (hvíldardagur)

- Kemur til Betaníu sex dögum fyrir páska.

9. nísan

- Borðar hjá Símoni líkþráa.
- María smyr Jesús með nardusmyrslum.
- Gyðingar koma að heimsækja Jesú og Lasarus.

10. nísan

- Gistir í Betaníu.

11. nísan

Matteus 26:6-13

Markús 14:3-9

Jóhannes 11:55–12:1

Jóhannes 12:2-11



- Innreið í Jerúsalem.
- Kennir í musterinu. 1

Matteus 21:1-11, 14-17

Markús 11:1-11

Lúkas 19:29-44

Jóhannes 12:12-19



- Fer snemma dags til Jerúsalem.
- Hreinsar musteríð.
- Jehóva talar af himni.

Matteus 21:18, 19; 21:12, 13

Markús 11:12-19

Lúkas 19:45-48

Jóhannes 12:20-50



- Kennir með dæmisögum í musterinu.
- Fordæmir fariseana.
- Tekur eftir framlagi ekkjunnar.
- Flytur spádóm á Oliufjallinu um fall Jerúsalem og lýsir tákni nærveru sinnar í framtíðinni.

Matteus 21:19–25:46

Markús 11:20–13:37

Lúkas 20:1–21:38

12. nísan



- Rólegur dagur með læri-sveinunum.
- Júdas býðst til að svíkja Jesú.

Matteus 26:1-5, 14-16

Markús 14:1, 2, 10, 11

Lúkas 22:1-6

13. nísan



- Pétur og Jóhannes undirbúa páskamáltíðina.
- Jesús og hinir postularnir mæta síðla dags.

Matteus 26:17-19

Markús 14:12-16

Lúkas 22:7-13

14. nísan



- Borðar páskamáltíðina með postulunum.
- Þvær fætur postulanna.
- Lætur Júdas fara.
- Stofnar til kvöldmáltíðar Drottins.

Matteus 26:20-35

Markús 14:17-31

Lúkas 22:14-38

Jóhannes 13:1-17:26

- Svikinn og handtekinn í Getsemanegarðinum. **2**
- Postularnir flýja.
- Æðstaráðið réttar yfir Jesú í höll Kaifasar. **4**
- Pétur afneitar Jesú.

Matteus 26:36-75

Markús 14:32-72

Lúkas 22:39-65

Jóhannes 18:1-27

- Leiddur aftur fyrir æðstaráðið. **8**
- Færður til Pilatusar, **3** síðan til Heródesar **5** og aftur til Pilatusar. **3**
- Dæmdur til dauða og líflátinn við Golgata. **9**
- Deyr um þrjúleytið síðdegis.
- Líkið tekið niður og lagt í gróf.

Matteus 27:1-61

Markús 15:1-47

Lúkas 22:66-23:56

Jóhannes 18:28-19:42

15. nísan (hvíldardagur)

- Pílatus fellst á að setja varðmenn við gróf Jesú.

Matteus 27:62-66

16. nísan

- Keypt meiri ilmsmyrsl til að smyrja lík Jesú.

Markús 16:1



- Reistur upp frá dauðum.
- Birtist lærisveinunum.

Matteus 28:1-15

Markús 16:2-8

Lúkas 24:1-49

Jóhannes 20:1-25

Útbreiðsla kristninnar

Ferðir Páls

— um 47-48 e.Kr. fyrsta trúboðsferðin

— um 49-52 e.Kr. önnur trúboðsferðin

— um 52-56 e.Kr. þriðja trúboðsferðin

•••• um 59-61 e.Kr. fangelsaður í Róm í fyrra skiptið

● Upphafsstaður trúboðsferða

● Borgir sem nefndar eru í Opinberunarbókinni

Heilögum anda úthellt á hvítasunu árið 33 e.Kr.

4000 f.Kr. 2000 f.Kr. f.Kr. / e.Kr. 2000 e.Kr.



0 mílur 150
0 km 150

Rúmmál vökva

Kór (10 böt / 60 hín)
220 l



Bat (6 hín)
22 l

Hín (12 log)
3,67 l

Log (½ hín)
0,31 l

Rúmmál þurrefna

Kómer (1 kór / 10 efur)
220 l



Efa (3 seur /
10 gómer)
22 l

Sea (3½ gómer)
7,33 l

Gómer (1½ kab)
2,2 l

Kab
1,22 l

Mælir
1,08 l

Lengdarmál

Löng stöng (6 langar álnir)
3,11 m

Stöng (6 álnir)
2,67 m



Faðmur
1,8 m

Löng alin
(7 þverhendur)
51,8 cm


Alin (2 spannir /
6 þverhendur)
44,5 cm

Stutt alin
38 cm

- 1 Fingur
(¼ þverhönd)
1,85 cm
- 2 Þverhönd
(4 fingur)
7,4 cm
- 3 Spönn
(3 þverhendur)
22,2 cm



1 rómverskt
skeiðrúm
⅓ rómversk míla
= 185 m



Mynt og vog í Gamla testamentinu



Gera (½ sikill)
0,57 g
10 gerur = 1 beka

Beka
5,7 g
2 bekur = 1 sikill

Pim
7,8 g
1 pim = ⅔ sikill

Sikill
11,4 g
50 siklar = 1 mína

Mína
570 g
60 mínur = 1 talenta

Talenta
34,2 kg



Löð, sikill að þyngd



Daríki
(persnesk gullmynt)
8,4 g
Esra 8:27



Pund (rómværkt)
327 g
Jóhannes 12:3
„Pund af ómenguðum,
dýrum nardussmyrslum“



Pund eða mína
100 drökmur
340 g
Lúkas 19:13
= um 100 daglaun



Talenta
60 pund
20,4 kg
Matteus 18:24
= um 20 árslaun

Mynt og vog í Nýja testamentinu



Smápeningur (lepton)
(kopar- eða bronsmynt hjá Gyðingum)
½ eyrir
Lúkas 21:2



Eyrir (quadrans)
(rómværsk kopar- eða bronsmynt)
2 smápeningar
Matteus 5:26



Aes eða assarion
(kopar- eða bronsmynt í Róm og skattlöndunum)
4 aurar



Denar
(rómværsk silfurmynt)
64 aurar
3,85 g
Matteus 20:10



Drakma
(grísk silfurmynt)
3,4 g
Lúkas 15:8



Tvídrakma
(grísk silfurmynt)
2 drökmur
6,8 g



Fjórdrakma frá Antíokkíu



Fjórdrakma frá Týrus (silfur-sikill frá Týrus)


Fjórdrakma
(grísk silfurmynt; einnig nefnd silfurstater)
4 drökmur
13,6 g

1 daglaun
(12 stundir)

2 daglaun

3 daglaun

4 daglaun



APRÍL	NÍSAN (ABÍB)	14. Páskar 15.-21. Ósýrðu brauðin 16. Frumgróðaförn	Það vex í Jórdan við rigningar og snjóbráð		Bygg	
MAÍ	ÍJAR (SÍV)	14. Siðbúið páskahald	Þurrkatími hefst, oftast heiðskírt		Hveiti	
JÚNÍ	SÍVAN	6. Viknahátíðin (hvítasunna)	Sumarhiti, tært loft		Hveiti, snemmsprottnar fíkjur	
JÚLÍ	TAMMÚS		Hitnar í veðri, mikil dökk sums staðar		Fyrstu vínberin	
ÁGÚST	AB		Hitinn nær hámarki		Sumarævextir	
SEPT.	ELÚL		Áfram heitt í veðri		Döðlur, vínber og fíkjur	
OKT.	TÍSÍRÍ (ETANÍM)	1. Lúðurblástur 10. Friðþægingardagur 15.-21. Laufskálahátíð 22. Hátíðarsamkoma	Sumri lýkur, haustregn byrjar		Plæging	
NOV.	HESVAN (BÚL)		Lítills háttar rigning		Ólífur	
DES.	KÍSLEV	25. Vígsluhátíð	Vaxandi regn, frost, snjóar til fjalla		Sauðfé tekið í hús	
JAN.	TEBET		Kaldast í veðri, rigningasamt, snjóar til fjalla		Gróður tekur við sér	
FEBR.	SEBAT		Dregur úr kulda, rignir áfram		Möndlutré blómstra	
MARS	ADAR	14., 15. Púrim	Tið þrumuveður og hagléi		Hör	
	VEADAR	Mánuður sem skotið var inn sjö sinnum á hverjum 19 árum				